# Leikskólinn Klambrar

# 2025– 2026



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

1 Greinargerð leikskólastjóra ..... 6
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025 ..... 7
2.1 Innra mat Leikskólastjóra ..... 7
2.1.1 Stjórnun ..... 7
2.1.2 Uppeldis og menntastarf ..... 8
2.1.3 Innra mat ..... 9
2.1.4 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar ..... 9
2.2 Breyting á sumarfríi barna ..... 11
2.2.1 Fyrirkomulag sumarfrísins 2024 ..... 11
2.2.2 Niðurstaða frís ..... 12
2.2.3 Reynsla leikskólans af sumarfríi ..... 12
2.3 Innra mat sérkennslu ..... 13
2.3.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026 ..... 15
Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn ..... 16
Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2024-2025 ..... 16
2.3.2 Umbótaráætlun – Fjöltyngi 2025-2026 ..... 17
2.4 Hlíð innra mat ..... 18
2.5 Holt innra mat ..... 20
Innra mat á starfi ..... 22
2.6 Tún innra mat ..... 23
Umbótaþættir ..... 23
Innra mat á starfi ..... 25
2.7 Teigur innra mat ..... 27

Umbótaþættir ... 27
Innra mat á starfi ... 28
2.8 Innra mat barna á Teig ... 29
**2.9 Ytra mat** ... 32
2.10 Ytra mat, viðhorfskönnun starfsfólks leikskóla ... 32
3 Innra mat deilda ... 34
3.1 Innra mat Hlíð ... 34
3.2 Innra mat Holt ... 35
3.3 Innra mat Tún ... 36
3.4 Innra mat  Teigur ... 37
4 Umbótaráætlun leikskólans 2025-2026 ... 38
4.1 Hlíð ... 38
**4.2** Holt ... 40
**4.3 Tún** ... 44
**4.4 Teigur** ... 48
5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ... 52
5.1 Starfsþróunarsamtöl ... 52
5.2 Fræðsla ... 53
**6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva** ... 53
6.1 Skilaboðaskjóðan ... 53
6.2 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ... 54
6.3 Foreldrasamvinna ... 54
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ... 55
8 Fylgiskjöl ... 58
8.1 Starfsáætlun Engi og Dalur ... 58
8.2 Starfsáætlun Hlíð og Holt ... 59
8.3 Starfsáætlun Tún og Teigur ... 61

8.4 Áherslur í myndlist fyrir næst skólaár ..... 63

8.5 Áherslur í tónlistakennslu ..... 64

8.6 Áherslur heilsu og hreyfingu ..... 65

9 Fylgiskjal ..... 67

10 Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans ..... 68

## Leiðarljós leikskólans

Starfsgleði og jákvæðni

Við sköpum börnunum gleðiríkt umhverfi þar sem þau finna starfsgleði sína í leiknum. Kennarar skuldbinda sig til þess að vinna að því af heilum hug að björtu hliðarnar ráði ríkjum til þess að nám barnanna verði þroskandi, gefandi og skemmtilegt.

Gagnrýnin og skapandi hugsun

Við bjóðum börnunum upp á leikefni sem gefur þeim tækifæri til þess að njóta meðfæddra hæfileika sinna til þess að skapa leikinn sjálf. Því leggjum við áherslu á að bjóða upp á leikföng sem styrkja sköpunarkraft og hugmyndaflug barnanna.

Öryggi og traust

Umhverfi leikskólans er skapað þannig að börnin finni til öryggis. Einstaklingurinn fær að njóta sín innan hópsins og kennarinn fylgist grannt með þörfum og líðan hvers barns. Gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli heimilis og skóla.

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólárið 2024-2025 hefur verið ár framkvæmda og breytinga. Skólárið fór vel af stað, aðlögun barna gekk vel. Starfsmenn mættu hressir til starfa að sumarfríi loknu og gekk almennt vel að hefja formlegt skólastarf.

Í janúar fór að bera á því að við þyrftum að fara að pakka niður leikskólanum vegna endurnýjunar á húsnæði leikskólans. Flutt var með tvær deildir á leikskólann Barónsborg í mars.  Á starfsdegi í mars tók allt starfsfólk sig til og tæmdi húsnæði leikskólans Klambra að mestu leiti. Í apríl voru svo opnaðar deildir í nýju álmunni og færðust Hlíð og Teigur þangað tímabundið.

Elstu börnin tóku þátt í barnamenningarhátíð að vanda. Einnig vorum við í samvinnu við Nóaborg og Stakkaborg í vetur varðandi tónlistastarf. En þessir leikskólar hafa fengið A- hluta styrk frá Reykjavíkurborg til að þróa tónlistarkennslu í þessum þremur leikskólum.

Nú á vordögum höldum við áfram sama dampi inn í sumarið á tveimur starfsstöðum og vonum að við getum sameinast öll á Klömbrum í ágúst.

Þrátt fyrir framkvæmdir og flutninga þá hefur skólárið gengið vel og það verður erfitt að kveðja þau börn sem hætta hjá okkur í haust.

Í leikskólanum Klömbrum höfum við reynt að halda uppi jákvæðri orku og gera okkur dagamun við hvert tækifæri og munum við halda því áfram, þar sem uppbrot gera lífið alltaf áhugaverðara. Fyrstu ár barna eru mikilvæg og er það hagur okkar allra að hlúa að komandi kynslóð.  Tölum jákvætt um skólastarf, finnum leiðir þegar upp koma verkefni og reynum að njóta líðandi stundar.  Stígum inn í næsta skólár með jákvæðnina að leiðarljósi.

# 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

| Hvað var metið? | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Mat starfsmanna fór fram á starfsdegi 5. maí 2025 |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?**<br>**(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Börn á elstu deild voru spurð um leikskólann sinn<br>Foreldrum var send foreldrakönnun. |
| **Helstu niðurstöður mats**<br>**(styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | |

## 2.1 Innra mat Leikskólastjóra

### 2.1.1 Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tökum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: Með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Hvernig gekk: Það hefur ekki gengið að nota Workplace sem miðil til að koma upplýsingum til skila. Í stað þess höfum við nýtt okkur upplýsingatöflu, Facebook og google docs.

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig gekk: Það gekk ágætleg að halda fundi framan af. Þegar við hins vegar færðumst yfir á Barnónsborgina þá varð erfiðara að halda fundi

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúning og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur felst í ánægju starfsmanna með skipulagið.

Hvernig gekk: Það hefur gegnið mjög illa að festa skipulag funda í framkvæmdunum. Það gekk betur fyrir áramót en þá ákváðum við að halda fundi þó svo að allir væru ekki mættir. Betri vinnutími starfsfólks á móti löngum opnunartíma leikskólans flækir allt innra skipulag.

### 2.1.2 Uppeldis og menntastarf

Verkefnastjóri fjölmenningar

Tækifæri til umbóta: Gera kennslu fyrir börn með íslensku sem annað mál markvissari

Ábyrgð: Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmenningar

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat á verkefninu í janúar og maí.

Viðmið um árangur: Viðmið er að börn með íslensku sem annað tungumál nái að aðlagast umhverfinu í leikskólanum

Hvernig hefur þetta gengið: Þetta skólaár tók Signý myndlistakennari að sér hlutverkið verkefnastjóri fjölmenningar. Hún sótti fundi og hefur verið að vinna með fjölmenningu í gegnum myndlist.

Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2023-2024.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur gengið: Við höfum verið að vinna að þessu innan veggja leikskólans síðustu ár. Starfshópurinn hefur unnið að þessu markvisst en þó á eigin forsendum. Við erum að æfa okkur að setja mörk og bera ábyrgð á eigin hegðun. Unnið er með þá hugmyndafræði að samskipti séu smitandi og að starfsfólkið séu fyrirmyndir fyrir barnahópinn.

### 2.1.3 Innra mat

Starfsáætlun 2024-2025: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2024.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2024-2025.

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfsstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum.

Hvernig hefur gengið: Það hefur gengið betur að upplýsa starfsfólk um að leikskólinn er starfsfólkið sem vinnur hverju sinni. Starfsfólk er að átta sig á því að það hefur tækifæri til að móta starfið og þá umræðu sem skapast um leikskólann. Það hefur borðið meira á fagvitund og áhuga fyrir því að sækja sér meiri þekkingu hjá starfsfólki.

### 2.1.4 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar

Þróunarverkefni í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar

Viðmið fyrir sjálfseflingu voru að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

Viðmið vegna félagsfærni voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldi lausnarleit í samskiptum við hvort annað.

Farið var yfir gátlista menntastefnunnar, flest er að fullu komið til framkvæmda. Það er aðeins eitt atriði sem má bæta hjá okkur en það kemur inn í heilbrigðan lífsstíl og vellíðan, en

í skólanámskrá leikskólans hefur ekki verið skrifað um það hvernig unnið er að því að efla heilbrigði markvisst auk þess sem leikskólinn hefur ekki tekið þátt í þróunarverkefnum sem tengjast heilbrigði barna. Þó svo leikskólinn leggi ekki neina sérstaka áherslu á heilbrigði, þá er hins vegar mikið verið að vinna með hreyfingu auk þess sem mikil áhersla er lögð á að borða hollt og hlusta á líkamann. Við komum til með að leggja meiri áherslu á þennan þátt á komandi skólaári.

Vináttuverkefni Blær

Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Unnið er með Blæ markvisst á öllum deildum auk þess sem tónlistarkennari hefur verið að vinna með Blæ lag í hverjum mánuði með börnunum í leikskólanum.

Gæðamálörvun í daglegu starfi

Viðmið að börnin nái betri tökum á íslenskri tungu.

Unnið er markvisst á öllum deildum með málörvun, í gegnum samverustundir, leik og í daglegum athöfnum. Sumar deildir notast skipulagt við Gefðu 10 aðrar deildar eru með loðtöflusögur og svo eru börn líka að fara í séstakar vinnustundir þar sem verið er að leggja inn orðaforða.

Lubbi

Viðmið að þjálfa íslensk málhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Á hverju ári er rúllað yfir málhljóðin, eitt hljóð er tekið fyrir í viku og taka allar deildar þátt í því. Foreldrar fá upplýsingar um hvaða hljóð sé verið að taka fyrir svo foreldrar fá einnig tækifæri á að taka þátt í verkefninu.

Tákn með tali

Viðmið að tákn með tali verði notað á öllum deildum af starfsfólki.

Tákn með tali er notað í einhverri mynd á sumum deildum leikskólans. Kunnátta starfsfólks á táknunum er mismikil. Í maí fór einn starfsmaður á Holti á tákn með tali námskeið en yfir höfuð hafa fáir starfsmenn farið á slíkt námskeið.. Það er stefna leikskólans að halda áfram að þjálfa starfafólk og börn í notkun á tákn með tali.

## 2.2 Breyting á sumarfríi barna

Leikskólinn Klambrar fór í tilraunaverkefni í samráði við foreldraráð skólann sumarið 2024 varðandi breytingu á sumarfríi skólans.  Leikskólinn hefur áður alltaf lokað í 20 daga samfellt yfir sumartímann. Síðustu ár hefur lokun leikskólans verið í kringum Verslunarmannahelgi og leikskólinn hefur opnað fljótlega eftir frídag Verslunarmanna.

Ástæðan fyrir þessari breytingu var sú að stjórnendur fundu fyrir óánægju hjá sumum foreldrum um það hvenær barnið þeirra fór í frí. Sérstaklega hjá þeim foreldrum sem geta ekki ákveðið frí hjá sínum vinnuveitenda.

Stjórnendur leikskólans höfðu líka fundið fyrir því að það var stundum erfitt að manna leikskólann í júní því að þá fóru nokkrir starfsmenn í sumarfrí en börnin ekki. Því að það er ákveðið misræmi á milli frídaga starfsmanna og frídaga barna.

Stjórnendur vildu líka athuga hvort foreldrar barna sem áttu börn á skólaaldri, það er segja börn sem voru að fara í skóla haustið 2024, myndu nýta sér það að hætta í leikskólanum fyrr og fara í sumarfrí þar til barnið færi í skólann.

### 2.2.1 Fyrirkomulag sumarfrísins 2024

Nýja fyrirkomulagið í þessu tilraunaverkefni var það að leikskólinn lokaði í 10 daga í stað 20 daga. Leikskólinn lokaði frá 24. júlí til 8 ágúst. Foreldrar fengu ákveðið svigrúm og val til þess að velja sumarfrí frá 1. júní til 1. september. Hvert barn þurfti að taka 20  gjaldfrjálsa daga í sumarfrí yfir þetta tímabil.  Leyfilegt var að taka fleiri daga en þeir voru ekki gjaldfrjálsir.

Hvert barn þurfti að taka 15 virka daga í samfelldu fríi. Foreldrar gátu  ákveðið hvoru megin við lokunina þau tóku 5 daga af þessum 15 dögum.Foreldrum svo valfrjálst að raða síðustu fimm sumarfrísdögunum á tímabilinu 1. júní til 1. september.

Foreldrar þurftu að senda stjórnendum skólans tölvupóst um það hvenær barnið þeirra ætlaði taka frí fyrir 22. Mars. Foreldrar voru mjög duglegir að senda póst um frí barna sinna. Það voru nokkrir

foreldrar sem stjórnendur þurftu að ýta á eftir svari. Það fengust ekki svör frá tveimur foreldrum og það var tekið það ráð að stjórnendur völdu dagana sem barnið fóru í frí. Foreldrarnir voru sáttir við það.

Flestir foreldrar völdu sér að taka samfellt frí. En það voru nokkur börn sem tóku sér viku frí í júní. Foreldrar notuðu tækifæri til þess að lengja helgar hjá barninu sínu yfir sumartímann. Tvö börn tóku sér 15 daga samfellt frí í júní og þurftu þess vegna ekki að taka aukafrí í kringum lokunina. Tvö börn á grunnskólaaldri hættu fyrir sumarfrí og komu ekki aftur sumarfrí heldur fóru beint í skóla.

Það voru þrír foreldrar sem mættu með börnin sín þrátt fyrir að barnið var skráð í sumarleyfi í Völu. Foreldrum var þá áframsendur tölvupósturinn sem foreldrar sendu skjólastjórnendum í mars og staðfestingu á því hvort að þetta var ekki sumarfrí sem foreldrarnir óskuðu eftir sjálfir. Börnin fengu ekki að mæta á þeim degi sem barnið var skráð í sumarleyfi í Völu, því að sá dagur var gjaldfrjáls.

### 2.2.2 Niðurstaða frís

Í tölvupóstsamskiptum við foreldrar þá voru skráðir 137 auka frídagar sem foreldrar vildu taka með börnum sínum. Þessir dagar voru ekki gjaldfrjálsir.

Í lok tímabilsins var tekið saman tölurnar um fjarvistir og frídaga barna á leikskólanum Klömbrum. Það var skráðar 192 fjarvistir. Það er að segja foreldrar létu ekki vita hvort barnið ætlaði að koma í leikskólann eða ekki. Foreldrar bættu við sig 108 frídögum þegar leið á sumarið. Alls voru fjarvistir umfram sumarleyfis í Völu 437 dagar. Foreldrar tóku sér 12,4% meira frí en leikskólinn krafðist af þeim.

### 2.2.3 Reynsla leikskólans af sumarfríi

Leikskólinn Klambrar var ánægður með nýja fyrirkomulagið. Starfsfólk gat valið sér sumarfrídaga og voru ekki með samviskubit yfir því að aðrir starfsmenn yrðu fyrir aukaálagi á meðan þau voru í fríi. Það þurfi aldrei að loka leikskólanum vegna manneklu yfir sumartímann.

Starfsmenn voru spurðir um það hvernig þeim fannst þetta nýja fyrirkomulag. Starfsfólk var mjög ánægt yfir heildina. Starfsmenn með skólakrakka gátu tekið sér frí í ágúst og verið með börnunum sínum þar til skólinn byrjaði. Starfmenn gátu líka tekið sér meira í frí í júní en júlí þegar dýrasta ferðatímabili sumarsins er.

Samstarf við foreldra við að skila inn frídögum gekk vel þrátt fyrir að það þurfti ýta á nokkra foreldra. Þótt að nokkrir foreldrar komu með börnin á þeim dögum sem þau skráðu sjálfir þá sett leikskólinn mörk um það að fylgja fyrrgreindum samningum. Það verður örugglega minna um þetta næsta skiptið sem þetta er gert.

Ótilkynntar fjarvistir barna var helsti ókosturinn við þetta verkefni. Foreldrar mættu vera duglegri við það að tilkynna fjarvistir barnanna sinna. Þetta hafði þau áhrif að það var stundum meira af starfsfólki en þörf var á. Ef leikskólinn hefði vitað fjöldann betur hefðu fleiri starfsmenn geta tekið sér frí og frídögum starfsmann hefði fækkað.

Helsta áhyggjuefni leikskólans eru börn sem eiginlega týnast yfir sumartímann. Foreldrar tilkynna ekki fjarvistir barna sinna og svara ekki skilaboðum leikskólans um hvar barnið er.

Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni.

Viðmið um árangur að öll börn leikskólans fái kennslu og örvun tengdum ólíkum verkefnum sem tengjast þema hvers tímabils.

Í vetur höfum við verið með tónlistarkennara og myndlistakennara. Kennararnir eru með skipulagða dagskrá fyrir hverja viku sem hægt er að finna í fylgiskjölum. Mismunandi er hve mikið þau eru á hverri deild en meiri áhersla er lögð á eldri börnin. Yngri börnin fá myndlist einn morgun í viku fyrir hádegi og einn morgun í tónlist fyrir hádegi. Reynt er að leggja áherslu á faglegt starf fyrir hádegi fyrir yngri börnin og frjálsan leik eftir hádegi. Eldri börnin fá samfelldari kennslu en reynt er að miða við að þau hafi tónlistarkennara einn dag í viku og myndlistarkennara annan dag. Leikskólinn er í tónlistarsamstarfi með Stakkaborg og Nóaborg.

## 2.3 Innra mat sérkennslu

Í lok skólaársins 2024-2025 voru 5 börn með úthlutaða fjármagn til sérkennslu. Samkvæmt nýja fjármagnsskipulagi féllu 3 börn í 1.flokk sem voru með úthlutað fjármagn í 8 klukkustundum á dag. Hin 2 börnin féllu undir *snemmtæka íhlutun* og fá sameiginlega 1,25% stöðugildi. Stuðningur barnanna er miskrefjandi. Sum barnanna höfðu þörf fyrir að hafa stuðning með sér allan daginn, en önnur börn fengu aðstoð eftir þörfum.

Sérkennslan fór fram á mismunandi hátt, allt eftir þeim tilfellum sem áttu í hlut. Öll börn í sérkennslu  fengu einstaklingsnámskrár sem innihéldu markmið sem hægt var að vinna að í gegnum leik og daglegt starf, sem og í einstaklingskennslu eða hópastarfi. Starfsfólk hafði einnig skráningarblöð sem þau gátu nýtt sér til að skrá markmið og framvindu þeirra í vinnustundim og einnig til að fylgjast með þá þætti sem gera deildarstarf mest krefjandi og það sem gengið hefur vel.

Öll börn 3 ára og eldri voru skimuð með *TRAS*, og öll 5 ára börn voru *Hljóm-2* prófuð. *AEPS* var lagt fyrir nokkur börn sem komu illa út úr TRAS, eða ef aðrar áhyggjur voru til staðar. Í byrjun árs 2024 voru *hæfnirammar* lagðir fyrir fjöltyngd börn og svo í lok skólaársins (maí/júní).

Allskyns efni var nýtt í sérkennslu, sem dæmi má nefna *Lubbi*, efni frá *„Fjölbreytt kennsla“*, *Lærum og leikum með hljóðin*, lestrarspjöld með algengum dýrum, litum og fleiri orðflokkum og *Blær*. Bækur voru mikið nýttar þar sem áhersla var lögð á virka hlustun og að skapa umræður, fá börnin til að segja frá og ræða um efni bókanna. Einnig var notast við spil eins og Aliaz, Bingó, og Memory.

Að lokum má nefna að sérkennslustjóri sótti allskyns fundi, námskeið og fyrirlestra til að styrkja sig og bæta í starfi.

### 2.3.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026

Þrátt fyrir að það hafi mikið gerst í sérkennslunni síðustu tvö ár er alltaf hægt að bæta sig í starfi. Það sem hefur verið helsta vandamál í sérkennslunni síðasta árið snýr einna helst að því að fá inn starfsfólk til að sinna henni, eða taka að sér stuðning. Sérkennslan er yfirgripsmikil innanhús, og sérkennslustjóri þarf meiri aðstoð til að sinna henni. Það sem betur mætti fara er skráning vinnustunda með börnunum. Starfsmenn hafa aðgang að og eiga að skrá hvað er gert í vinnustundum og hvernig gekk, en það má bæta vinnslu skráninganna og hversu vel þær nýtast vinnunni í framhaldinu. Síðasta haust var tekið upp nýtt verklag á Klömbrum þar sem stofnað var sérkennsluteymi sem skipti með sér hópnum sem þarfnaðist sértæks stuðnings. Það sem þarf að leggja meiri áherslu á næsta vetur er að hafa vikulega fundi sérkennsluteymis, svo hægt sé að samræma betur vinnulag.

Þar sem hlutfall fjöltyngdra barna á leikskólanum Klömbrum er hátt, eða rúmlega 54% er mikilvægt að það sé skýr málstefna innanhús. Mörg þessara barna fá aðeins tækifæri til að læra íslensku í leikskólanum sem gerir okkar hlutverk enn mikilvægara. Það er því á ábyrgð allra starfsmanna að sjá til þess að þessi börn heyri og læri íslensku. Þá er mikilvægt að allir starfsmenn temji sér að tala íslensku við börnin, en ekki síður sín á milli inni á deildum. Einnig er mikilvægt að starfsfólk minni börnin á að í leikskólanum tölum við „leikskólamál" (íslensku). Málörvun í daglegu starfi er einnig mikilvæg, og gott að starfsfólk sé meðvitað um að málörvun fer fram í nánast öll stundum daglegs starfs, en ekki bara í einkakennslu/vinnustundum. Gert var samkomulag á líðandi skólaári þar sem starfsfólk samþykkti að tala íslensku sín á milli nema í starfsmannarými og kaffistofu. Þetta samkomulag endurspeglaðist innan barnahópsins þar sem við lögðum áherslu á íslensku inni í leikskólanum en börnin höfðu svo val um tungumál í útiveru. Mikið var rætt um þau fjölbreyttu tungumál sem börn og starfsmenn tala heima og mikilvægi þess að tala íslensku í leikskólanum.

Hæfnirammar voru teknir í notkun á vorönn 2023 þar sem öll fjöltyngd börn á Klömbrum voru metin. Þessir hæfnirammar gefa deildarstjórum ásamt sérkennslustjóra betri sýn yfir stöðu þessara barna.

## Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Fjöltyngd börn skólaárið 2024-2025 voru um það bil 39, sem gera um eða yfir 54% af heildarfjölda innritaðra barna á Klömbum.

**Hlíð**: Börnin sem voru á Hlíð þetta skólaárið eru fædd 2022-2024. Það voru að meðaltali 15 börn á deildinni yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 6 börn með íslensku sem annað tungumál á Hlíð. Þau tungumál sem töluð voru á hlíð voru: pólska, víetnamska, malayalam, enska og króatíska.

**Holt:** Börnin sem voru á Holti þetta skólaár eru fædd 2021-2022. Þau voru að meðaltali 15 á Holti yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 10 börn með íslensku sem annað tungumál á Holti. Þau tungumál sem voru töluð á Holti voru: spænska, portúgalska, pólska, rússneska, gríska, enska og þýska.

**Tún:** Börnin sem voru á Túni þetta skólaár eru fædd 2020-2021. Það voru að meðaltali um 21 börn á Túni yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 6 börn með íslensku sem annað tungumál á Túni. Tungumálin sem töluð voru á Túni voru: Franska, enska, úkraínska, pólska, króatiska, hindi og enska.

**Teigur:** Börnin á Teig þetta skólaárið eru fædd 2019 og 2020. Það voru að meðaltali um 20 börn á Teig yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 12 börn með íslensku sem annað tungumál á Teig. Tungumálin sem töluð voru á Teig voru: spænska, rússneska, singhalesíska, spænska, arabíska, malayalam, hindi og enska.

## Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2024-2025

Leikskólinn Klambrar fékk úthlutað fjármagni vegna barna af erlendum uppruna skólaárið 2022-2023. Þetta fjármagn var nýtt til að manna stöðu verkefnastjóra fjölmenningar að hluta til. Skilgreint starfshlutfall verkefnastjóra fjölmenningar fyllir aðeins upp í 45% stöðu þrátt fyrir hátt hlutfall fjöltyngdra barna innanhús. Miðað við þunga fjölmenningar á Klömbrum þyrfti fjármagn þó að vera meira.

Á hverri deild hangir veggspjald frá *Miðju Máls og Læsis* til að minna starfsfólk á þær leiðir sem teljast vænlegastar til að efla máltöku barna í íslensku. Í leikskólanum er lagt áherslu á

að lesa mikið, loðtöflu-sögur eru einnig mikið notaðar á yngstu deildum, og starfsfólk er meðvitað um að koma orði á hluti, auk þess sem börn eru minnt á að nota „leikskólamál" (íslensku) í leikskólanum. Auk þess fara öll fjöltyngd börn í sérstaka málörvunartíma vikulega. Leikskólinn hefur einnig nýtt Gefðu-10, og hæfnirammar voru teknir í notkun á vorönn 2023. Verið er að huga að öllum þáttum máltöku eins og: orðaforða og málskilnings; tjáningu og frásögu; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmáli; félagslegu tungumáli; tilfinningu, áhuga styrkleika og löngunum. Þessi vinna fer fram í daglegum verkefnum dagsins eins og í samveru, útiveru, í fataklefa, matartíma, í gegnum leik, tónlist, myndlist og í gegnum samtalið.

Verkefnastjóri fjölmenningar sem er líka tengiliður fjölmenningar hefur setið fundi og fyrirlestra hjá *Miðju Máls og Læsis* um málörvun í leikskóla, setið fjölmenningafundi og sótt námskeið til að efla sig í starfi.

### 2.3.2 Umbótaráætlun – Fjöltyngi 2025-2026

Eins og áður kom fram er mikill fjöldi barna á Klömbrum af erlendum uppruna. Byrjun árs 2025 var ráðinn starfsmaður til þess að sinna málörvun barna af erlendum uppruna. Hvert barn sem er með íslensku sem annað mál fer 2-3 sinnum í viku í sérstakar málörvunarstundir.

Deildarstarfsfólk er meðvitað um að málörvun fer að miklu leyti fram í daglegu starfi. Starfsfólk er því duglegt við að nýta sjónrænan stuðning og að tala mikið við þessi börn.

Eins og áður kom fram voru Hæfnirammar teknir í notkun á vorönn 2023. Markmið næsta árs er að þeir verði nýttir 2x á önn til að meta framfarir fjöltyngdu barnanna, og þannig grípa þau börn sem þurfa á meiri aðstoð að halda. Það er á ábyrgð deildarstjóra að leggja fyrir hæfnirammana, en verkefnastjóri fjölmenningar og sérkennslustjóri geta aðstoða við útfyllingu ef þess er þörf. Mikilvægt er að deildarstjórar renni yfir niðurstöður hvers barns og láti sérkennslustjóra vita ef þeir telja að þörf sé á að fá mat talmeinafræðings eða fá frekari aðstoð fyrir barnið. Til að fylgja þessu eftir mun verkefnastjóri fjölmenningar hafa samráð við deildarstjóra reglulega. Þar að auki funda verkefnastjóri og sérkennslustjóri reglulega.

## 2.4 Hlíð innra mat

**Fundir**

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið: Gekk ekki vel fyrst en eftir að við fórum í nýja rýmið og gátum haft fundi inná deild þá hefur það gengið miklu betur.

**Skólanámskrá og starfsþróun**

Skólanámskrá og starfsþróun: skólanámskránna þarf að endurskoða og tengja menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Tækifæri til umbóta. Að endurskoða skólanámskránna.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Útgáfa skólanámskrár leikskólans Klambra með tengingu í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Hvernig hefur þetta gengið: Hefur gengið bara vel. Unnið var að endurmati á fundum auk þess sem umræða hefur átt sér stað innan starfsfólksins um skólanámskránna.

**Endurskipulagning starfs á deildum**

Endurskipulagning starfs á deildum: Flytja þurfti deildar vegna framkvæmda.

Tækifæri til umbóta: Skilvirkara starf, aukinn námstækifæri barna.

Ábyrgð: deildastjórar

Tímalengd: Vor 2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat í maí

Viðmið um árangur: Ánægja barna, foreldra og starfsfólks.

Hvernig hefur þetta gengið: Búið að ganga vel , tekur tíma samt að aðlagast nýju umhverfi og starfsháttum.

**Innra mat á starfi**

Starfsáætlun 2024-2025: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2023.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2023-2024

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum

Hvernig hefur þetta gengið: Gengur vel , ætlum að halda áfram að vinna með sömu stefnu og með mögulegum breytingu eftir þörfum.

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur þetta gengið: Samskipti hafa ekki alltaf verið góð en þetta er allt á uppleið.

**Gæðamálörvun í daglegu starfi.**

Viðmið að börnin nái betri tökum á íslenskri tungu.

Gengur vel

**Lubbi.**

Viðmið að þjálfa íslensk málhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Gengur vel

**Tákn með Tali**

Viðmið að notast við tákn með tali í daglegu starfi með börnum

Erum að vinna í því að bæta okkur.

## 2.5 Holt innra mat

**Fundir**

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið:

Það er gnótt upplýsingaflæði og það að draga fram helstu atriði úr fundum á upplýsingatöflunni hefur hjálpað fólki að vera upplýst. Mikilvægar tilkynningar eru einnig deilt í Facebook-hópnum. Hins vegar væri gott að senda sumar þessara mikilvægu upplýsinga einnig með tölvupósti til að tryggja að þær týnist ekki.

Starfsfólk fann fyrir því að flutningarnar á vorönn leikskólans höfðu áhrif á fjölda og lengdar deildarfunda þar sem þeir urðu færri og styttri vegna álags en búast við því að fyrirkomulag komist í samt lag þegar deildin hefur komið sér fyrir.

**Skólanámskrá og starfsþróun**

Skólanámskrá og starfsþróun: skólanámskránna þarf að endurskoða og tengja menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Tækifæri til umbóta. Að endurskoða skólanámskránna.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Útgáfa skólanámskrár leikskólans Klambra með tengingu í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Hvernig hefur þetta gengið:

Það hefur gengið vel. Starfsfólk hefur gert verkefni byggt á skólanámskránni.

**Endurskipulagning starfs á deildum**

Endurskipulagning starfs á deildum: Flytja þurfti deildar vegna framkvæmda.

Tækifæri til umbóta: Skilvirkara starf, aukinn námstækifæri barna.

Ábyrgð: deildastjórar

Tímalengd: Vor 2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat í maí

Viðmið um árangur: Ánægja barna, foreldra og starfsfólks.

Hvernig hefur þetta gengið:

Það hefur gengið vel, bæði starfsfólk og börn aðlöguðust fljótt að nýja húsinu. Hver starfsmaður hefur tekið ábyrgð á ákveðnu sviði innan deildarinnar, eins og Lubba, list, frjálsum leik og fleira. Þessi nálgun hefur gert það að verkum að starfsfólk finnur að það sé hlustað á það og að það beri ábyrgð á deildinni. Þá finnst börnunum að þau eru að taka þátt í skemmtilegum og skapandi námsverkefnum. Foreldrar virðast ánægðir með framfarir barnanna og niðurstöður verkefnanna.

Innra mat á starfi

Starfsáætlun 2024-2025: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2023.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2023-2024

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum

Hvernig hefur þetta gengið:

Starfsáætlunin hefur verið aðgengileg starfsfólki yfir skólaárið, sem hefur gefið þeim tækifæri til að fara yfir og ljúka þeim markmiðum sem sett voru fram í áætluninni. Heilt yfir hefur þetta gengið vel – flestir fyrirhugaðir þættir starfsáætlunar hafa verið framkvæmdir. Starfsfólk hefur borið ábyrgð á mismunandi þáttum verkefnanna, sem hefur gert þau að virkum þátttakendum og leitt til góðra árangurs.

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur þetta gengið:

Samskipti meðal starfsmanna í Holt hafa almennt verið góð. Helstu upplýsingum er deilt á milli starfsmanna, sem tryggir að allir viti hvað sé ætlast til af þeim innan deildarinnar. Þegar um er að ræða upplýsingar um þroska eða þarfir einstakra barna, er þeim miðlaðað til allra starfsmanna svo hægt sé að viðhalda samræmdri nálgun í stuðningi við barnið eða börnin sem um ræðir.

**Lubbi.**

Viðmið að þjálfa íslensk málhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Lubbi heimsækir okkur einu sinni í viku, þar sem börnin skoða bókina, hlusta á Lubba-lag vikunnar. Í hverri viku eru sýndar myndir af hlutum sem byrja á málhljóði vikunnar og börnin eru hvött til að endurtaka hvert orð. Þessi orð eru venjulega skoðuð nokkrum sinnum í gegnum vikuna. Öll börn eiga Lubba-bein með nafninu sínu sem þau eru stundum með á meðan Lubba-stund stendur. Stundum er einnig gert handverk tengt málhljóði vikunnar, sem gefur börnunum annað tækifæri til að hlusta á lagið og búa til listaverk byggt á nýja hljóðinu sem þau hafa lært. Í heildina er starfsfólk ánægt með að vinna með Lubba.

**Tákn með Tali**

Viðmið að notast við tákn með tali í daglegu starfi með börnum

Sum tákn frá *Tákn með tali* eru notuð daglega á deildinni til að hjálpa börnunum að skilja hvað starfsfólkið er að segja. Starfsfólkið notar venjulega tákn sem eru mest tengd daglegri rútínu deildarinnar. Sem umbót, vegna þess að nýtt starfsfólk er í deildinni, munu þau fá hvatningu til að læra þessi tákn og nota þau með börnunum, svo allir séu að gera það sama.

## 2.6 Tún innra mat

Umbótaþættir

**Fundir**

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið: Yfirleitt gengið vel að halda stjórnendafundi en brösuglega hefur gengið að halda reglulega deildarfundi, meðal annars vegna starfsmannaveltu. Á milli þess að þjálfa nýtt starfsfólk og færa verkefni frá fráfarandi starfsmönnum til nýrra starfsmanna hafa deildarfundir setið á hakanum.

**Skólanámskrá og starfsþróun**

Skólanámskrá og starfsþróun: skólanámskránna þarf að endurskoða og tengja menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Tækifæri til umbóta. Að endurskoða skólanámskránna.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Útgáfa skólanámskrár leikskólans Klambra með tengingu í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Hvernig hefur þetta gengið: Vel. Skólanámskrá var yfirfarin og gefin út.

**Endurskipulagning starfs á deildum**

Endurskipulagning starfs á deildum: Flytja þurfti deildar vegna framkvæmda.

Tækifæri til umbóta: Skilvirkara starf, aukinn námstækifæri barna.

Ábyrgð: deildastjórar

Tímalengd: Vor 2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat í maí

Viðmið um árangur: Ánægja barna, foreldra og starfsfólks.

Hvernig hefur þetta gengið:

Flutningar yfir á Barónsborg hafa gengið vonum framar þó að þetta séu krefjandi aðstæður. Undirbúningur fyrir börn og foreldra var góður og fann starfsfólk ekki fyrir óánægju frá foreldrum. Nýtt umhverfi hafði jákvæð áhrif á skólabrag og hefur í för með sér ný tækifæri,

bæði út frá rýminu og nærumhverfi. Þetta hefur þó valdið auknu álagi á starfsfólk sér í lagi stuðningsstarfsfólki sem þarf að fara á milli bygginga sem og aukið álag var vegna manneklu. Starfsfólk hefur þurft að læra á nýtt rými og daglegt skipulag hefur þurft að taka mið af því. Flutningarnir hafa verið lærdómsríkir fyrir bæði börn og starfsfólk.

Innra mat á starfi

Starfsáætlun 2024-2025: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2023.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2023-2024

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum

Hvernig hefur þetta gengið: Starfsfólk hefur unnið saman að því að gera starfsstaðinn að góðum vinnustað. Innra mat gekk vel og endurmat var unnið í samsstarfi með deildarstjórum og starfsfólki.

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur þetta gengið: Vel hefur gengið að taka á samskiptavanda bæði hjá börnum og starfsfólki. Deildarstjórar hafa verið hvattir til að vera vakandi yfir líðan starfsfólks og unnið hefur verið að því að halda boðleiðum opnum ef starfsfólk þarf aukinn stuðning. Fyrir börnin hefur verið lögð sérstök áhersla á að sýna athygli á það sem vel fer og hrósa jákvæðri hegðun í stað þess að benda á hvað á ekki að gera.

**Gæðamálörvun í daglegu starfi.**

Viðmið að börnin nái betri tökum á íslenskri tungu.

Hvernig hefur þetta gengið: Fyrri hluta skólaárs var markviss málörvun af skornum skammti þó að unnið væri að því í daglegu starfi að setja orð á hluti og athafnir. Á vorönn hefur verið starfsmaður sem sinnir málörvun tekið þau börn sem þurfa aukinn málstuðning í vinnustundir sem hefur reynst vel. Lögð er áhersla á að málumhverfið á leikskólanum sé íslenska þó að það geti verið snúið í fjölmenningar-umhverfi.

**Lubbi.**

Viðmið að þjálfa íslensk málhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

Hvernig hefur þetta gengið: Hefur gengið yfirleitt vel. Í hverri viku er nýtt málhljóð sem börnin læra um í Lubba-stund í litlum hópum.

**Tákn með Tali**

Viðmið að notast við tákn með tali í daglegu starfi með börnum.

Hvernig hefur þetta gengið: Gengið hefur vel að nota táknin í tónlistarstundum þar sem þau eru eðlileg viðbót við mörg lög en notkun í daglegu starfi er stopul þar sem ekki eru allir starfsmenn nægilega öruggir í notkun táknanna. Gott væri ef fleiri starfsmenn gætu farið á tákn með tali námskeið, tilvalið fyrir starfsdag.

## 2.7 Teigur innra mat

Umbótaþættir

**Fundir**

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Hvernig hefur þetta gengið:

- Hefuð gengi betur en síðustu ár að finna tíma fyrir deildarfundi en mætti alltaf bæta

**Skólanámskrá og starfsþróun**

Skólanámskrá og starfsþróun: skólanámskránna þarf að endurskoða og tengja menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Tækifæri til umbóta. Að endurskoða skólanámskránna.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri/Deildarstjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Útgáfa skólanámskrár leikskólans Klambra með tengingu í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Hvernig hefur þetta gengið:

- Hefur gengið vel

**Endurskipulagning starfs á deildum**

Endurskipulagning starfs á deildum: Flytja þurfti deildar vegna framkvæmda.

Tækifæri til umbóta: Skilvirkara starf, aukinn námstækifæri barna.

Ábyrgð: deildastjórar

Tímalengd: Vor 2025

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat í maí

Viðmið um árangur: Ánægja barna, foreldra og starfsfólks.

Hvernig hefur þetta gengið:

- Hefur gengið framar en átti von á, aðlögun gekk vel. Hefur gengið vel miðað aðstæður.

Innra mat á starfi

Starfsáætlun 2024-2025: Starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2023.

Hvernig og hvenær er metið: Gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2023-2024

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum

Hvernig hefur þetta gengið:

- Höfum haft hópastarf, Lubba, ferðir, samveru, höfum haldið okkur við þema og á stefnunni okkar. Erum á réttri braut, erum á stefnu námskrá Reykjavíkurborgar

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2024-2025.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2024

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Hvernig hefur þetta gengið:

- Samskiptin hafa verið fín, ræðum alltaf málin, það sem liggur á hjarta hvers og eins, höfum bætt okkur í samskiptum úti en hægt er að bæta.

**Gæðamálörvun í daglegu starfi.**

Viðmið að börnin nái betri tökum á íslenskri tungu.

- Það eru framfarir og við erum í gefðu 10 og reynum að skipta hópnum í eins marga hópa og hægt er og nýta aðstæður og húsnæði leikskólans.

**Lubbi.**

Viðmið að þjálfa íslensk málhljóð. Markmið að kennsla í íslensku sé skemmtileg og að auðvelt sé fyrir alla sem koma að íslenskunámi barna að vera þátttakendur í kennslu og námi.

- Gengur best í byrjun skólaárs en eiga erfiðara með stafina og málhljóðin sem eru aðeins erfiðari, t.d. æ, ei/ey, au, ð,

**Tákn með Tali**

Viðmið að notast við tákn með tali í daglegu starfi með börnum

- Ekki notað jafn mikið því það er minni þörf á því núna þar sem að þau eru að takast á við tungumálið betur.

## 2.8 Innra mat barna á Teig

**Hvernig er að vera á Klömbrum?**

- *Allt gott. Gott á Klömbrum. Mig langar í djús og ís á klömbrum.*
- *Gaman.*
- *Ó bara fínt*
- *Ömm, gaman*
- *Skemmtilegt*
- *Gaman*
- *Gott*
- *Allt í lagi*
- *Fínt*
- *Skemmtilegt*
- *Fínt*
- *Gaman*
- *Skemmtilegt*
- *Gaman*
- *Besta í heimi*
- Skemmtilegt

**Hvernig hefur skólaárið á Teigi verið?**

- *Allt gott*
- *Vel/Gaman/fínt*
- *Bara fínt/vel*
- *Nýja*
- *Líka skemmtilegt*
- *Gott*
- *Gaman*
- *Gaman*
- *Fínt*
- *Skemmtilegt*
- *Fínt*
- *Gaman*
- *Allt í lagi*
- *Gott*
- *Gaman*
- *Skemmtilegt*

**Hvernig fannst þér flutningurinn/ að flytja?**

- *Allt gott.*
- *Gaman*
- *Ó bara gaman*
- *Gott*
- *Skemmtilegur*
- *Gaman*
- *Flott*
- *Gaman*
- *Fínt*
- *Skemmtilegt*
- *Gaman*
- *Mjög gaman*
- *Gaman*
- *Gaman*
- *Gaman*
- *gaman*

**Hvað hefur verið skemmtilegt?**

- *Dótadagurinn og bangsadagurinn*
- *Leika úti í rólunum og Unnur að ýta mér hátt*
- *Ó það var skemmtilegt að vera úti að rúlla sér í hringi á hólnum*
- *Verkefni með Jacob*
- *Að lita, líka að púsla*

- *Að leika mig, að lesa*
- *Nýju kubbarnir, holukubbar, dýnurnar*
- *Úti, mála, hrekkjavaka*
- *Leika með Lego, sjóræningjadagurinn, holukubbar, nýju kubbar,*
- *Keðjurnar, hjólbörurnar, perlurnar, nýju kubbarnir,*
- *Barbie, hrekkjavaka, jólasveinninn*
- *Að leika með Öglu, Unni og Júlía, að leika með strákunum, dótadagurinn, einhyrningadót*
- *Barbie, segulkubbar, að leika með Vaidehi*
- *Að leika Barbie, leika úti í rigningu að hoppa í polla, teikna, pítsa,*
- *Barbie, lita, leika úti í feluleik með vinum mínum, jóladagar í Klömbrum, fótbolti,*
- *Fótbolti, að leika með strákunum, nyju (segul)kubbarnir, dóta og bangsadagurinn, bílabrautin, sjóræningjadagurinn, hlaupaleikur með Amir, Leon og Egil að þykjast vera sjóræningjar og gerðum árás í liðum í leiknum.*

## 2.9 Ytra mat

### 2.10 Ytra mat, viðhorfskönnun starfsfólks leikskóla

Í nóvember sl. var viðhorfskönnunin Stofnun ársins lögð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og sá Gallup um framkvæmdina. Stofnun ársins er mikilvægt verkfæri fyrir stjórnendur og starfsfólk til að eiga samtal um starfsumhverfi, stjórnun og líðan á vinnustað með það að markmiði að efla vinnustaðinn enn frekar. Leikskólinn Klambrar kom vel út úr þessari könnun og eru hér birtar tvær myndir af niðurstöðum. Þess má geta að kvarðinn er frá einum upp í fimm.



## Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

### Leikskólinn Klambrar

**Hæstu 5**




**Lægstu 5**




Athugið að hér er eingöngu um að ræða spurningar sem eru hluti af þáttunum sem tilheyra Stofnun ársins. Aðrar spurningar geta því verið með hærri eða lægri einkunnir.

# 3 Innra mat deilda

## 3.1 Innra mat Hlíð

**Styrkleikar**

Svegjanleiki til að vinna með börnum á þeirra forsendu.

**Tækifæri**

Að geta haldið vikulega deildarfundi , finna að það er allt í lagi að gera mistök því við getum alltaf lært af þeim.

## 3.2 Innra mat Holt

### Styrkleikar

Við teljum að okkar styrkleikar felist í því að við erum róleg í fasi, þolinmóð og duglega að grípa hvort annað þegar við þurfum á því að halda. Það er góð samvinna milli starfsfólks og opin fyrir nýjum hugmyndum annarra. Við erum góð í að halda rútínu og dagskipulagi deildarinnar. Við erum duglega að hjálpast að. Starfsfólk veit hvað er ætlast til af þeim og framkvæma.

### Tækifæri

Okkur finnst á morgnana gætum við farið yfir skipulag dagsins saman. Við teljum að við getum eflt lýðræði inni á deild og notað fleiri tækifæri til að efla ábyrgðartilfinningu barnanna á deildinni. Við viljum auka rými leik barna þar sem þau nýta öll skynfæri í mismunandi hátt.

## 3.3 Innra mat Tún

### Styrkleikar

Beðið var eftir því að bæta stað fyrir heimildarskráningar til einfalda margvísleg verkefni starfsmanna. Þetta skólaárið hefur gengið vel að skrá stöðu í verkefnum, ferðum og öðru starfi. Allir starfsmenn á deildinni eru með sínar eigin möppur þar sem þeir geta skráð og fylgst með. Til að byrja með voru tveir starfsmenn sem sáu alfarið um verkefnin Blæ og Lubba og það gekk mjög vel. Það var gott samstarf með myndlistarkennara sem vann eftir sömu námsáætlun og deildin og því var gott samræmi milli deildarinnar og listasmiðju.

### Tækifæri

Tækifæri til bóta eru að ekki náðist alltaf að halda vikulega/hálfs-mánaðarlega deildarfundi. Ekki náðist alltaf að uppfylla undirbúningstíma. Þyrfti að finna betri lausn fyrir betri vinnutíma, mönnun inni á deild og undirbúningstíma.

## 3.4 Innra mat Teigur

### Styrkleikar

Góð samskipti

Höfum náð vel saman

Lesum hvort annað vel, náum að grípa inn í þegar við sjáum að einhver þarf hjálp

Mætt hvort öðrum í tengslum við styrkleika og veikleikum

### Tækifæri

Alltaf hægt að gera betur og lært af okkar mistökum

# 4 Umbótaráætlun leikskólans 2025-2026

## 4.1 Hlíð

| Deild/aldur barna : Hlíð /1-2 ára | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Uppeldi til ábyrðar |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Bættum samskiptum innan starfsmanna og barnahóps |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Með því að aðstoða hvort annað í daglegu starfi |
| **Ábyrgð** | Allir starfsmenn bera ábyrgð |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Þetta er verkefni sem er í stöðugri vinnslu innan skólaársins |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Með fundum og í daglegum samskiptum og viðtali við börn um líðan sinn |
| Deild/aldur barna | |
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Starfsáætlun |
